



# Marel: Opið hús og arinspjall með stjórnendum Marel og JBT

**JBT og Marel munu sameiginlega halda opið hús í Marel og arinspjall með stjórnendum félaganna miðvikudaginn 11. desember kl. 13.00 að íslenskum tíma.**

Þar munu stjórnendur beggja félaga horfa til framtíðar og fjalla um þau stóru tækifæri og samlegðaráhrif sem felast í sameiningu félaganna fyrir hluthafa Marel og aðra hagaðila.

Nánari upplýsingar og skráning á [marel.com/tilframtidar](https://marel.com/tilframtidar)

## Arinspjall í beinu streymi

Forstjórar Marel og JBT, Árni Sigurðsson og Brian Deck, ásamt fjármálastjóra JBT, Matt Meister, verða gestir í arinspjalli sem hefst kl. 13:00 miðvikudaginn 11. desember 2024 í höfuðstöðvum Marel við Austurhraun 9 í Garðabæ. Spjallið mun fara fram á ensku og verður jafnframt í beinu streymi og aðgengilegt á fjárfestasiðum [Marel](#), [JBT](#) og á vef [Arion banka](#).

## Opið hús í framleiðslu og vöruþróunarkjarna

Á opnu húsi munu starfsmenn Marel leiða gesti um framleiðslurýmið, fjalla um nýjustu nýsköpunarverkefni og leyfa gestum að heimsækja hátækni laxavinnslu í gegnum sýndarveruleika. Við biðjum gesti um að skrá sig þar sem húsrými er takmarkað.

## Dagskrá

- **12:30:** Húsið opnar
- **13:00:** Arinspjall stjórnenda Marel og JBT
- **14:00 – 15:30:** Innsýn í starfseminu í Garðabæ
  - Gönguferð um framleiðsluna og vöruþróunarkjarna
  - Örfyrirlestrar um nýjar og spennandi tækninýjungar, hugbúnaðarlausnir og mannauðinn að baki Marel
  - Sýndarveruleiki í nýsköpun og vöruþróun, heimsókn í laxaverksmiðju (VR)
- **15:30 – 16:00:** Spjall og léttar veitingar

## Valfrjálst yfirtökutilboð JBT til hluthafa Marel

Þann 24. júní 2024 lagði John Bean Technologies Corporation ("JBT") fram valfrjálst yfirtökutilboð til hluthafa Marel hf., í samræmi við lög nr. 108/2007 um yfirtökur, á grundvelli skilmála sem settir voru fram í tilboðsyfirliti, dagsettu sama dag, sem samþykkt var af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands. Viðskiptin eru gerð með fyrirvara um að hefðbundin skilyrði hafi verið uppfyllt, þar með talið samþykki frá viðeigandi eftirlitsaðilum, samþykki hluthafa Marel og samþykki hluthafa JBT.



Í nóvember tilkynnti JBT um að félaginu hafi borist samþykki frá öllum hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöldum vegna fyrirhugaðrar yfirtöku á Marel hf. Hluthafar Marel hafa til kl. 12:00 á hádegi á íslenskum tíma þann 20. desember til að taka afstöðu til tilboðsins. Að því gefnu að samþykki hluthafa sem fara með að minnsta kosti 90% heildarhlutafjár í Marel fáist, stefnir JBT að því að uppgjör viðskiptanna eigi sér stað innan fimm viðskiptadaga eftir lok gildistíma tilboðsins. Áætlað er að uppgjöri viðskiptanna muni ljúka eigi síðar en 3. janúar 2025, að teknu tilliti til lögbundinna íslenskra frídaga í kringum jól og áramót.

Hluthafar Marel eru eindregið hvattir til að taka afstöðu til tilboðsins fyrir kl. 12:00 á hádegi á íslenskum tíma þann 20. desember 2024.

### Spurningar hluthafa um tilboðsferlið

Þeir hluthafar sem eiga hlutabréf í félaginu skráð hjá Nasdaq Iceland hf. geta haft samband við Arion banka hf. með spurningar í tengslum við samþykktarferli og/eða uppgjör tilboðsins á netfangið [assistance.marel2024@arionbanki.is](mailto:assistance.marel2024@arionbanki.is).

Þeir hluthafar sem eiga hlutabréf í félaginu skráð á Euronext Amsterdam skulu hafa samband við sinn vörsluaðila til þess að nálgast upplýsingar um samþykktarferli og/eða uppgjör tilboðsins. Vörsluaðilar og hluthafar geta haft samband við ABN AMRO Bank N.V. með spurningar á netfangið [corporate.broking@nl.abnamro.com](mailto:corporate.broking@nl.abnamro.com).

### Fjárfestatengsl

Nánari upplýsingar veita fjárfestatengsl Marel í gegnum netfangið [ir@marel.com](mailto:ir@marel.com) og í síma 563 8001.

### Um Marel

Marel (NASDAQ: MAREL; AEX: MAREL) er í fararbroddi á heimsvísu í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og þjónustu fyrir matvælavinnslu. Marel var stofnað árið 1983 og hjá félaginu starfa um 7.100 starfsmenn í yfir 30 löndum (þar af um 700 starfsmenn á Íslandi) og þjónusta viðskiptavini í yfir 140 löndum. Lykilmarkaðir félagsins eru í vinnslu alifugla, kjöts, fisks, gæludýrafóðurs, plöntupróteina og fóðurs fyrir fiskeldi. Félagið er skráð í Kauphöll Íslands og Euronext Amsterdam og skilaði 1,7 milljarði evra í tekjur árið 2023 (257 milljarðar króna), en 46% af heildartekjum koma frá þjónustu og varahlutum. Árlega fjárfestir Marel 5–6% af tekjum í nýsköpun og vöruþróun, eða um 15 milljörðum króna árið 2023, með áherslu á sjálfvirkni, róbótatækni og stafrænar lausnir sem tryggja örugg matvæli sem unnin eru á hagkvæman og sjálfbæran hátt. Frekari upplýsingar má finna á [marel.com/ir](https://marel.com/ir).

### Viðhengi

[Marel: Opíð hús og arinspjall með stjórnendum Marel og JBT](#)